

Svæðisskipulag Dala, Reykhóla og Stranda 2018-2030

Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar samþykkti þann 18. janúar 2018 að auglýsa tillögu að svæðisskipulagi sveitarfélaganna þriggja, skv. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tilheyrandi umhverfisskýrslu, skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Í svæðisskipulagstillögunni er sett fram sameiginleg framtíðarsýn á þróun landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu í þeim tilgangi að styrkja atvinnulíf og byggð. Greind eru tækifæri sem búa í auðlindum og sérkennum svæðisins og á grunni þess sett fram stefna í atvinnumálum, samfélagsmálum og umhverfismálum og síðan skipulagsstefna sem styður við hana.

Svæðisskipulagstillagan, ásamt umhverfisskýrslu, liggur frammi til sýnis á skrif

stofum Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar og hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b í Reykjavík, frá og með föstudeginum 26. janúar 2018 til og með mánudagsins 12. mars 2018. Tillagan er einnig til sýnis á vefsíðum sveitarfélaganna og á vefnum samtakamattur.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við svæðisskipulagstillöguna og umhverfisskýrslu. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út í lok mánudagsins 12. mars 2018. Senda skal skriflegar athugasemdir til Ingibjargar Emilsdóttur formanns svæðisskipulagsnefndar, skrifstofu Strandabyggðar, Höfðagötu 3, 510 Hólmavík eða með tölvupósti til ingaemils@strandabyggd.is.

*Svæðisskipulagsnefnd
Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar*



DALAPÓSTURINN

2. tölublað, 11. árgangur
30. janúar 2018

Íbúafundur

Íbúafundur verður haldinn í Dalabúð miðvikudaginn 31. janúar kl. 20.

Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun 2018-2021
2. Ljósleiðaraverkefni
3. Lýsing að tillögu að breytingu á aðalskipulagi
4. Kaffihlé
5. Fyrirspurnir og umræður

Undir lið 3 verða meðal annars kynnt áform um vindorkugarð í landi Hróðnýjarstaða.

Íbúar Dalabyggðar eru hvattir til að mæta á íbúafund.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Fasteignagjöld 2018

Álagning

Álagningarseðla fasteignagjalda má nálgast rafrænt (pdf-skjöl) á þjónustusíðu opinberra aðila www.island.is. Íbúar 67 ára og eldri fá þá senda í pósti og einnig þeir sem þess óska sérstaklega.

Álagður fasteignaskattur er

- 0,50% af álagningarstofni íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum og jarðeigna.
- 1,32% af álagningarstofni opinbers húsnæðis.
- 1,50% af álagningarstofni allra annarra fasteigna og lóða.

Lóðaleiga

- íbúðarhúsnæði er 1,70% af fasteignamati lóðar.
- atvinnuhúsnæði er 2,00% af fasteignamati lóðar.

Afsláttur ellilífeyrisþega og öryrkja

Elli- og örorkulífeyrisþegar, með lögheimili og búsetu í Dalabyggð, njóta afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjaldi sem lagt er á íbúðarhúsnæði í eigu viðkomandi enda hafi hann þar búsetu, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 og reglur Dalabyggðar.

Afslátturinn er tekjutengdur (Skattframtal 2017, tekjur 2016).

Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir:

Einstaklingar		Hjón / sambýlisfólk	
Tekjur kr.	Afsláttur	Tekjur kr.	Afsláttur
Allt að 3.600.000	100%	Allt að 5.200.000	100%
Allt að 3.700.000	75%	Allt að 5.300.000	75%
Allt að 3.800.000	50%	Allt að 5.500.000	50%
Allt að 3.900.000	25%	Allt að 5.700.000	25%

Innheimta

Fasteignagjöldin verða innheimt með rafrænum greiðsluseðlum sem hægt er að greiða í netbanka. Gjaldendum er bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum.

Gjalddagar fasteignagjalda eru sex. Fyrsti gjalddaginn er 5. febrúar og sá síðasti 5. júlí. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 12.000 þá er einungis einn gjalddagi, 5. apríl. Ef heildargjöld greiðanda eru lægri en 250 kr. eru þau ekki innheimt.

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldin eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

Veittur er 3% staðgreiðsluafsláttur séu öll gjöld greidd fyrir 15. febrúar. Hámarksafsláttur er 30.000 kr.

Nánari upplýsingar um staðgreiðsluafslátt, bankarreikning og innheimtu veitir Ingibjörg Jóhannsdóttir bókari í síma 430 4700, kl. 9-13. Einnig má senda fyrirspurn á netfangið ingibjorgjo@dalir.is.

Rúlluplast

Næst verður safnað rúlluplasti hjá bændum 12. -15. febrúar. Söfnun er lögbýliseigendum að kostnaðarlausu. Þeir sem ekki þegar eru skráðir, þurfa að skrá sig hjá sveitarfélaginu.

Plastið skal haft á aðgengilegum stað fyrir sorpverktaka. Frágangur á plastinu hjá bændum getur verið í stórsekk (t.d. undan áburði) eða pressað og bundið saman þannig að gott sé að koma því á bíl (litla bagga), í þar til gerðum gámum eða á annan snyrtilegan hátt. Bönd og net mega koma með plasti ef þau eru höfð í sérstaklega aðgreindum plastpokum.

Óheimilt er að setja rúlluplast í sorpgáma á grenndarstöðvum sveitarfélagsins. Opin brennsla úrgangs er óheimil þ.m.t. rúlluplasts. skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og skv. reglugerð nr. 737/2003.